

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu mörg sveitarfélög hafa lokið gerð heildaráætlana um úrbætur í fráveitumálum?
2. Hvernig er stuðningi ríkisins háttað í þessum málum?
3. Hversu mörg sveitarfélög og hver þeirra hafa fengið styrk til þessara framkvæmda?
4. Kemur til greina að Ísland fái undanþágu frá ströngum reglum Evrópusambandsins í þessum málum vegna sérstakra aðstæðna, m.a. sökum fámennis?
5. Kemur til greina að styrkja sveitarfélög lengur en til ársins 2005?

Skriflegt svar óskast.